

30. mars 2007

Efni:

► Tiltektardagur

KERHRAUNSFRETTIR

4. tbl. - 4. árg.

Tiltektardagur 7. apríl nk.

Kæru Kerhraunarar

Eins og kom fram á aðalfundi félagsins þá hefur stjórnin áhuga á að koma á 1-2 tiltektardögum á ári. Í ár er ljóst að þeir verða að vera 2 þar sem árangurslaust hefur verið reynt að fá Ægisauð til að taka til eftir sig og svæðið er vægast sagt ekki SNYRTILEGT. Því verður laugardagurinn 7. apríl tekin í þetta verkefni.

Til gamans má geta þess að Sóley hafði samband við hreppinn og þeir voru skjóttir að svara.

"samkvæmt gamalli hefð hér í sveit er öllum sumarbústaðareigendum heimilt að höfðu samráði við sveitarstjóra að fá stóran gám til hreinsunnarátaks sem ekki er tekin aukagreiðsla fyrir, einhvernvegin fyndist mér það vera æskilegra að þið í ykkar lofsverða hreinsunnarátaki setjið ruslið í gám þó svo að sóðarnir sem þið nefnduð eigi það tæpast skilið að þið vinnið hreinsunnarstörf fyrir þá endurgjaldslaust, en heiðlóan er komin og laukar að sýna sig í gördum þannig að við látum ekki smáatriði setja okkur út af laginu.

Þið getið haft samband við skrifstofu hreppsins og beðið um gám eða þá að þið talið beint við Gámaþjónustuna og biðið þá um gám, vanalega er miðað við 3-4 daga sem gámurinn má standa á svæðinu en þið getið bara rætt það við þá gáamenn.

Megi sem mest af ruslinu hverfa ..

K - Ingvar"

Stjórnarmenn eru til í tuskið þann 7. apríl og hafa flestir æft stíft frá 20. mars



Endilega þið ykkar sem sjáið ykkur fært að koma á staðinn, gerið það en gott væri að fá að vita hverjir koma (sko það er upp á kleinurnar). Eins og Kerhraunurum er einum lagið þá verður svæðið hreinsað með stæl, jafnvel án **REIKI**, hann geymum við til verslunarmannahelgarinnar en kaffi verður á staðnum og líka kleinur.